

SKÝRSLA
RÍKISENDURSKOÐUNAR
UM
FRAMKVÆMD FJÁRLAGA
TIL SEPTEMBERLOKA 1991

NÓVEMBER 1991

EFNISYFIRLIT

Inngangur	2
Helstu niðurstöður.....	3
Markmið fjárlaga og þróun ríkisfjármála á árinu 1991	7
Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs janúar til september 1991	10
Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs janúar til september 1991	13
Innheimtar tekjur til loka septembermánaðar 1991	14
Innheimtar tekjur janúar - september 1991 í samanburði við sama tímabil 1990	15
Gjöld í samanburði við greiðsluáætlanir fjárlaga til loka septembermánaðar 1991	16
Gjöld ríkissjóðs janúar - september 1991 í samanburði við sama tímabil 1990	18
Launakostnaður A-hluta ríkissjóðs janúar til júní 1990 og 1991.....	22
Afkoma sjúkrastofnana á árinu 1990.....	24

Fylgiskjöl:

1. Fjöldi stöðugilda hjá A-hluta stofnunum ríkisins fyrri hluta árána 1990 og 1991.
2. Launakostnaður hjá A-hluta ríkissjóðs fyrri hluta árána 1990 og 1991 á föstu verðlagi.
3. Gjöld sjúkrastofnana á föstum fjárlögum árin 1989 og 1990 á föstu verðlagi.
4. Gjöld sjúkrastofnana á daggjöldum árin 1989 og 1990 á föstu verðlagi.
5. Afkoma og greiðslustaða stofnana á föstum fjárlögum árið 1990.
6. Afkoma og greiðslustaða sjúkrastofnana á daggjöldum árið 1990.

Inngangur

Samkvæmt 1. grein laga nr. 12/1986 skal Ríkisendurskoðun hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Skýrsla sú sem hér er lögð fram fjallar um framkvæmd nógildandi fjárlaga frá ársbyrjun til septemberloka 1991. Þá er gerður samanburður á launakostnaði og fjölda starfsfólks hjá þeim stofnunum í A-hluta ríkissjóðs sem Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytis sér um afgreiðslu launa á milli fyrri hluta áranna 1990 og 1991. Sérstaklega er fjallað um afkomu sjúkrastofnana í landinu á árinu 1990 og gerður samanburður á afkomu þeirra og þróun kostnaðar frá árinu 1989.

Helstu niðurstöður

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum athugunar Ríkisendurskoðunar á afkomu A-hluta ríkissjóðs á tímabilinu 1. janúar til septemberloka árið 1991.

- Samanburður á afkomu A-hluta ríkissjóðs frá 1. janúar til 30. september 1991 við greiðsluáætlun fjármálaráðuneytisins fyrir sama tímabil sýnir að:
 - ◆ Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs nam í lok septembermánaðar 11,5 milljörðum króna og er hann 810 milljónum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur námu 69,4 milljörðum króna og eru 244 milljónum króna hærri en áætlað var. Gjöld námu aftur á móti 80,9 milljörðum króna og eru þau tæpum 1,1 milljarði króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
 - ◆ Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs á tímabilinu var neikvæð um 10,9 milljarða króna sem er 1,1 milljarði króna meira en áætlun ársins gerði ráð fyrir. Ríkissjóður mætti fjárförf að stærstum hluta með yfirdrætti hjá Seðlabanka Íslands. Heildarskuldir A-hluta ríkissjóðs við bankann í lok septembermánaðar s.l. námu 10,8 milljörðum króna og höfðu aukist frá ársbyrjun um 9,4 milljarða króna.
 - ◆ Lántökur ríkissjóðs ásamt sölu ríkisvígla umfram innlausn og afborganir veittra lána námu 12,5 milljörðum króna fyrstu níu mánuði ársins 1991 og eru þær 1,1 milljarði króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Helstu frávik eru að innlausn ríkisvígla umfram sölu urðu 2,6 milljörðum króna hærri en áætlað var en lántökur urðu hins vegar 1,7 milljörðum króna lægri en gert var ráð fyrir. Ráðstöfun fjármagns hjá A-hluta ríkissjóðs nam 23,4 milljörðum króna og er 2,2 milljörðum hærri en gert var ráð fyrir. Frávikið skýrist einkum af auknum útgreiðslum umfram inngreiðslur af viðskiptareikningum.
 - ◆ Stjórnvöld ákváðu á fyrri hluta þessa árs að grípa til sérstakra aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum. Með þeim aðgerðum var stefnt að lækkun útgjalda og lánsfjárfarfar A-hluta ríkissjóðs og annarra opinberra aðila um allt að 6,0 milljarða króna. Að mati Ríkisendurskoðunar hafa ráðstafanir ríkisstjórnarinnar lækkað fjárförf A-hluta ríkissjóðs um 2,0 milljarða króna, auk þess sem

lántökur annarra opinberra aðila voru lækkaðar um 500 milljónir króna.

- Samanburður á afkomu A-hluta ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins 1991 við sama tímabil á árinu 1990 leiðir í ljós eftirfarandi:
 - ◆ Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs hefur aukist um 3,3 milljarða króna. Sé miðað við fast verðlag hefur rekstrarhallinn aukist að raunvirði um 2,0 milljarða króna. Raunaukning gjalda er metin á 4,8 milljarða króna en tekjur hafa aftur á móti hækkað um 2,8 milljarða króna.
 - ◆ Raunaukningu gjalda má einkum rekja til 1,4 milljarða króna hærri rekstrargjalda og tilfærslna, 1,3 milljarða króna hærri launagjalda og 900 milljóna króna hærri fasteignakaupa ríkissjóðs. Þá hafa vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs aukist að raungildi um rúmar 600 milljónir króna. Raunaukningu tekna má rekja til hækkunar óbeinna skatta um tæpa 1,8 milljarða króna og gjalda af innflutningi um 1,5 milljarða króna. Hins vegar hafa vaxtatekjur lækkað um 555 milljónir króna og beinir skattar um tæpar 300 milljónir króna.
 - ◆ Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins 1991 er 9,5 milljörðum króna lakari en hún var á sama tímabili í fyrra. Lántökur ríkissjóðs ásamt sölu ríkisvígla umfram innlausn og afborganir veittra lána voru 6,8 milljörðum króna lægri til septemberloka 1991 en á sama tímabili í fyrra. Frávikið skýrist af minni lántökum ríkissjóðs að fjárhæð 3,8 milljarðar króna og minni sölu ríkisvígla umfram innlausn að fjárhæð 3,1 milljarður króna. Ráðstöfun fjármagns hjá A-hluta ríkissjóðs var 2,7 milljörðum króna meiri en á sama tímabili ársins 1990 og skýrist einkum af hærri rekstarhalla A-hluta ríkissjóðs að fjárhæð 3,3 milljarðar króna.
- Ríkisendurskoðun gerði sérstaka athugun á breytingu á starfsmannafjölda og launakostnaði hjá A-hluta ríkissjóðs fyrri hluta þessa árs og bar þær saman við sama tímabil 1990. Sú athugun leiddi m.a. eftirfarandi í ljós:
 - ◆ Reiknuðum störfum hjá A-hluta ríkissjóðs fjölgaði um 582 stöðugildi frá fyrri hluta ársins 1990 til sama tímabils í ár.

Fjölgunin nemur 3,8%. Til samanburðar fjölgaði reiknuðum störfum um 401 stöðugildi eða 2,7% milli fyrri hluta áráanna 1989 og 1990.

- ◆ Aukning yfirvinnu á fyrri helmingi ársins 1991 miðað við sama tímabil á árinu 1990 samsvarar 268 stöðugildum eða um 10,7%. Til samanburðar jókst yfirvinna um 93 stöðugildi á milli sömu tímabila áráanna 1989 og 1990 eða um 3,8%.
 - ◆ Í fjárlögum ársins var gert ráð fyrir fjölgun starfsfólks um 600 stöðugildi, þar af 500 stöðugildum í tengslum við breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Fjölgun stöðugilda hjá A-hluta ríkissjóðs fyrstu sex mánuði ársins er því innan heimilda fjárlaga en hins vegar virðist yfirvinna hafa orðið hærri en gert var ráð fyrir.
 - ◆ Launakostnaður A-hluta ríkissjóðs hækkaði um 700 milljónir króna á föstu verðlagi á fyrri helmingi ársins 1991 í samanburði við sama tímabil 1990 eða um 6,1%. Um helming hækkunar má rekja til fjölgunar starfsmanna.
- Í skýrslu þessari er ennfremur gerð grein fyrir afkomu sjúkrastofnana í landinu á árinu 1990, sem framlög fá úr ríkissjóði, en þar kemur m.a. fram:
- ◆ Sjúkrastofnanir voru reknar með 345 milljóna króna halla á árinu 1990 eða sem nemur 2,0% af tekjum. Á árinu 1989 var rekstrarhallinn 476 milljónir króna eða 3,1% af tekjum. Afkoma sjúkrastofnana hefur því batnað milli áráanna 1989 og 1990 og hefur reyndar farið batnandi allt frá árinu 1987.
 - ◆ Þróun útgjalda sjúkrastofnana sýnir að á föstu verðlagi hafa útgjöld hækkað að raungildi um 127 milljónir króna eða um 0,7% milli áráanna 1989 og 1990. Gjöld daggjaldastofnana hækkuðu að raunvirði um 0,9% en gjöld þeirra stofnana sem fá föst framlög á fjárlögum hækkuðu um 0,7% milli áráanna 1989 og 1990.
 - ◆ Sjúkrarúmum fjölgaði um 15 á árinu 1990 og er fjölgunin öll hjá stofnunum sem fá framlög samkvæmt daggjaldakerfinu.
 - ◆ Greiðslustaða sjúkrastofnana versnaði á árinu 1990 í samanburði við árið á undan. Skammtímaskuldir umfram

skammtímakröfur námu 521 milljón króna í árslok 1990 og
jukust um 28 milljónir króna frá árslokum 1989.

Markmið fjárlaga og þróun ríkisfjármála á árinu 1991

Í fjárlögum fyrir árið 1991 var stefnt að eftirfarandi markmiðum:

- ◆ Að halli ríkissjóðs verði 1,1% af VLF í samanburði við 1,5% á árinu 1990.
- ◆ Að heildargjöld ríkissjóðs verði 29,1% af VLF eða sama hlutfall og árið áður.
- ◆ Að hrein lánsfjárpörf verði 1,6% af VLF samanborið við 1,9% á árinu 1990.

Þróun ríkisfjármála hefur orðið önnur en ráð var fyrir gert í fjárlögum fyrir árið 1991. Í áætlunum um þróun ríkisfjármálanna á árinu 1991 var gert ráð fyrir að rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs yrði tvö- til þrefalt hærri en áætlað var í fjárlögum og heildarlánsfjárpörf allt að tvöfalt hærri.

Ný ríkisstjórn, sem tók við völdum í maí, ákvað í upphafi starfsferils síns að grípa til sérstakra aðhaldsaðgerða sem m.a. áttu að miða að auknum sparnaði innanlands og lækkunar útgjalda og lánveitinga ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar voru þrípættar. Í fyrsta lagi voru vextir hækkaðir á ríkisverðbréfum og útlánnum Byggingarsjóðs ríkisins. Í öðru lagi skyldi innheimta tekna og eftirlit með útgjöldum ríkissjóðs hert og aðhald í ríkisbúskapnum þannig aukið. Í þriðja lagi ákváðu stjórnvöld að lækka útgjöld og falla frá ýmsum lántökum sem fyrirhugaðar voru. Með þessum aðgerðum var stefnt að því að lækka útgjöld og lánsfjárpörf A-hluta ríkissjóðs um 3,0 milljarða króna og að draga úr lánsfjárpörf annarra opinberra aðila um 3,0 milljarða króna. Af þeirri fjárhæð var gert ráð fyrir að útgáfa húsbréfa minnkaði um 2,0 milljarða króna.

Að mati Ríkisendurskoðunar hafa ráðstafanir ríkisstjórnarinnar lækkað fjárpörf A-hluta ríkissjóðs um 2,0 milljarða króna, auk þess sem lántökur annarra opinberra aðila voru lækkaðar um 500 milljónir króna. Aðgerðir til lækkunar á lyfjakostnaði ríkissjóðs hafa skilað verulegum árangri það sem af er árinu, en stefnt er að því að lækka hlut ríkisins í lyfjakostnaði um 500 milljónir króna í ár. Þá voru ýmis framlög sem áformuð höfðu verið, felld niður eða lækkuð um alls 300 milljónir króna. Ennfremur mun vaxtahækkun útlána Byggingasjóðs ríkisins bæta stöðu sjóðsins verulega. Eigið fé sjóðsins mun t.d. duga fyrir þeim skuldbindingum sem á honum hvíla og ný ríkisframlög eru því ekki nauðsynleg í ár. Að mati Húsnaðisstofnunar ríkisins er óvíst um hvort Byggingasjóður ríkisins muni geta greitt niður skammtímalán hjá ríkissjóði að fjárhæð 600 milljónir króna á árinu 1991.

Þrátt fyrir framangreindar aðhaldsaðgerðir hafa stórir útgjaldaliðir, sem ekki var gert ráð fyrir, fallið á ríkissjóð síðari hluta ársins eins og fram kemur í frumvarpi til fjáráukalaga fyrir árið 1991. Þar er einkum um að ræða eftirfarandi liði:

- ◆ Útflutningsbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir eru nú taldar verða 890 milljónum króna hærrí en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar er einkum um að ræða greiðslu bóta vegna útflutnings á dillkakjöti til Mexíkó að fjárhæð 390 milljónir króna og greiðslu útflutningsbóta frá árinu 1988 að fjárhæð 180 milljónir króna.
- ◆ Lántökuheimild Atvinnutryggingadeildar Byggðastofnunar að fjárhæð 357 milljónir króna verður breytt í ríkisframlag miðað við þær upplýsingar er nú liggja fyrir um stöðu deildarinnar.
- ◆ Rekstrarhalli stofnana í A-hluta fjárlaga er talinn verða 600 milljónir króna umfram heimildir fjárlaga, þar af um 300 milljónir króna vegna skólastarfs í landinu.
- ◆ Kostnaður vegna ríkisábyrgðar á launum vegna gjaldþrota fyrirtækja er talinn verða 250 milljónum króna hærrí á þessu ári en ráð var fyrir gert.
- ◆ Til greiðslu uppbóta á lífeyri til annarra lífeyrissjóða en Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vantar 120 milljónir króna. Þar er um að ræða lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, ráðherra og þingmanna.

Í frumvarpi til fjáráukalaga fyrir árið 1991, er sótt um heimild til hækkunar gjalda um 5,0 milljarða króna en á móti er gert ráð fyrir að tekjur muni hækka um 200 milljónir króna frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Talið er að rekstrarhalli í ár verði 8,9 milljarðar króna en ekki 4,0 milljarðar króna eins og fjárlög gera ráð fyrir.

Ríkisendurskoðun kannaði afkomuhorfur A-hluta ríkissjóðs í aprílmánuði síðast liðnum. Þar kom fram að rekstrarhalli að meðtöldum fjárskuldbindingum vegna búvörusamninga að fjárhæð 2,0 milljarðar króna stefndi í 12,2 milljarða króna. Heildarlántökur ríkisins voru taldar verða 22,3 milljarðar króna. Þrátt fyrir að nokkur breyting hafi orðið á einstaka útgjalda- og teknaliðum telur stofnunin ekki ástæðu til að breyta mati sínu varðandi ríkisfjármálin í ár frá því sem þar var greint frá.

Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs janúar til september 1991

Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs til loka septembermánaðar 1991 var neikvæð um 10,9 milljarða króna sem er 1,1 milljarði króna lakari en áætlun ársins gerði ráð fyrir.

Lántökur A-hluta ríkissjóðs á ofangreindu tímabili ásamt sölu ríkisvixla umfram innlausn þeirra og afborgun veittra lána nam 12,5 milljörðum króna. Áætlun ársins gerði hins vegar ráð fyrir að innkomið fjármagn vegna nefndra þátta næmi 11,4 milljörðum króna eða 1,1 milljarði króna lægri fjárhæð en í raun. Helstu frávik frá greiðsluáætlunum eru þau að sala spariskírteina varð 3,6 milljörðum króna lægri en áætlað var. Önnur innlend fjáröflun varð 1,5 milljörðum króna hærri en áætlanir vegna lántöku hjá Framkvæmdasjóði að fjárhæð 1,2 milljarðar króna og fasteignakaupa að fjárhæð 300 milljónir króna. Erlendar lántökur námu 0,4 milljörðum króna, en ekki var gert ráð fyrir neinum erlendum lántökum á þessu tímabili og sala ríkisvixla umfram innlausn þeirra varð 2,6 milljörðum króna meiri en áformað var.

Ráðstöfun fjármagns hjá A-hluta ríkissjóðs samkvæmt yfirliti frá ríkisbókhaldi nam 23,4 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 1991, sem er 2,2 milljörðum króna hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir. 11,5 milljörðum króna var ráðstafað til að mæta rekstrarhalla A-hluta ríkissjóðs. Afborgun á lánum ríkissjóðs nam 5,7 milljörðum króna, veitt lán námu 3,8 milljörðum króna og útgreiðslur umfram inngreiðslur vegna viðskiptareikninga og stofnframlaga námu 2,4 milljörðum króna. Helstu frávik frá áætlunum eru að rekstrarhallinn er 810 milljónum króna hærri en áætlað var, afborgun lána varð 357 milljónum króna lægri en gert var ráð fyrir og útgreiðslur af viðskiptareikningum umfram inngreiðslur urðu 1,6 milljörðum króna hærri til septemberloka 1991 en áætlað var.

Fjármagnsstreymi A-hluta ríkissjóðs

tímabilið janúar til september 1991

Fjárhæðir í m.kr.

Janúar til september

Uppruni	Reikn. '91	Reikn. '91	Áætlun	Frávik '90	Reikn.	Frávik
<u>Lántökur:</u>						
Spariskírteini		3.276	6.920	<3.644>	5.999	<2.723>
Önnur innlend fjáröflun		2.891	1.380	1.511	3.811	<920>
Erlendar lántökur	432	--	432	561	<129>	
		6.599	8.300	<1.701>	10.371	<3.772>
Ríkisvixlar nettó	3.676	1.040	2.636	6.788	<3.112>	
Afborganir veittra lána	2.229	2.085	144	2.152	77	
Uppruni alls		12.504	11.425	1.079	19.311	<6.807>

Ráðstöfun:

Rekstrarhalli		11.471	10.661	810	8.126	3.345
Afborgun lána		5.695	6.052	<357>	6.771	<1.076>
Veitt lán	3.838	3.683	155	3.012	826	
Hlutfjár- og stofnframl.		188	249	<61>	91	97
Viðskiptar. nettó	2.201	563	1.638	2.730	<529>	
Ráðstöfun alls	23.393	21.208	2.185	20.730	2.663	
Breyt. á handbæru fé (lækkun)	<10.889>	<9.783>	<1.106>	<1.419>	<9.470>	

Ríkissjóður fjármagnaði greiðsluhallann til loka septembermánaðar þessa árs með yfirdrætti hjá Seðlabanka Íslands. Meðalskuld ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands á viðskiptareikningi fyrstu níu mánuði þessa árs var um 8,5 milljarðar króna. Heildarskuldir A-hluta ríkissjóðs hjá bankanum í lok septembermánaðar 1991 námu um 10,8 milljörðum króna og hafa þær hækkað frá ársbyrjun um 9,4 milljarða króna. Vaxtagreiðslur ríkissjóðs til Seðlabanka Íslands vegna yfirdráttar á viðskiptareikningi námu 1,0 milljarði króna til loka septembermánaðar 1991. Á árinu 1990 nam vaxtagreiðslan hins vegar 555 milljónum króna. Meginskýringin á aukningu vaxtakostnaðar hjá bankanum frá árinu 1990 stafar af minni sölu ríkisvixla og spariskírteina í ár en í fyrra.

Að mati Ríkisendurskoðunar eru 1.670 milljónir króna af viðskiptareikningum ófærðar til gjalda samkvæmt yfirliti frá ríkisbókhalði. Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs eykst sem því nemur en á móti lækka útgreiðslur umfram inngreiðslur á viðskiptareikningum um sömu fjárhæð. Það sem veldur þessu fráviki er tvennt. Annars vegar lántaka A-hluta ríkissjóðs hjá Framkvæmdasjóði Íslands að fjárhæð 1,2 milljarðar króna, sem átti sér stað með yfirtöku skulda Byggðastofnunar við sjóðinn. Lánið var yfirtekið í maímánuði s.l. og hefur ríkissjóður greitt af þessu láni síðan. Lántaka þessi á að mati Ríkisendurskoðunar að eiga sér mótbókun á gjaldahlið sem framlag til Byggðastofnunar en ekki á viðskiptareikning. Hins vegar hafa verið færð sem ógreidd gjöld í ríkisbókhalði 417 milljónir króna vegna ógreiddra útflutningsbóta á landbúnaðarafurðir frá árinu 1988, en að mati stofnunarinnar ber að færa sem gjöld í greiðsluuppgjöri eins og tíðkast hefur um sambærilega liði. Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 1991, sem nú er til afgreiðslu hjá Alþingi, óskar fjármálaráðuneytið eftir greiðsluheimild

á gjaldahlið vegna þessara skulda. Í fjárlögum fyrir árið 1991 er gert ráð fyrir 277 milljóna króna framlagi á útflutningsbótalið vegna ógreiddra útflutningsbóta frá fyrri árum.

Lakari greiðsluafkomu fyrstu níu mánuði þessa árs m.v. sama tímabil á síðasta ári má rekja til þess að lántökur í ár ásamt sölu ríkisvígla og afborgunum lána urðu 6,8 milljörðum króna minni en á sama tímabili ársins 1990. Stafar það einkum af minni sölu spariskírteina og ríkisvígla. Þá er ráðstöfun fjármagns frá ársbyrjun til septemberloka í ár 2,7 milljörðum króna hærri en á sama tímabili á árinu 1990 sem stafar fyrst og fremst af auknum rekstrarhalla A-hluta ríkissjóðs.

Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs janúar til september 1991

Samkvæmt yfirliti frá ríkisbókhaldi um fjármál A-hluta ríkissjóðs til loka septembermánaðar 1991 er rekstrarhalli 11,5 milljarðar króna, eða 810 milljónum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur nema 69,4 milljörðum króna sem er tæplega 250 milljónum króna hærri fjárhæð en áætlað var fyrir. Gjöld urðu aftur á móti 80,9 milljarðar króna sem er 1,1 milljarði króna hærri en gert var ráð fyrir.

Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs fyrstu nýju mánuði ársins 1991 var 11,5 milljarðar króna, en var á sama tímabili í fyrra 8,1 milljarður króna. Hallinn hefur því aukist um 3,3 milljarða króna. Sé miðað við fast verðlag hefur rekstrarhallinn aukist um 2,0 milljarða króna að raunvirði. Raunhækkun tekna er metin á 2,8 milljarða króna en raunaukning gjalda er aftur á móti metin á 4,8 milljarða króna.

á Í m.kr.	Raunaukn. Reikn.'91	Janúar - september			Reikn.90
		Reikn.'90	Mism.	verðl.'91	frá '90
Tekjur	69.447	62.887	6.559	66.651	2.796
Gjöld	<u>80.918</u>	<u>71.013</u>	<u>9.905</u>	<u>76.106</u>	<u>4.812</u>
Rekstrarhalli	<u>11.471</u>	<u>8.126</u>	<u>3.346</u>	<u>9.455</u>	<u>2.016</u>

Eins og að framan er getið er rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs í lok septembermánaðar 1991 vantinn um 1.670 milljónir króna, að mati Ríkisendurskoðunar. Á móti eru útgreiðslur af viðskiptareikningum oftaldar um sömu fjárhæð.

Innheimtar tekjur til loka septembermánaðar 1991

Innheimtar tekjur ríkissjóðs til loka septembermánaðar 1991 námu 69,4 milljörðum króna sem er tæplega 250 milljóna króna hærri fjárhæð en áætlanir fyrir sama tímabil gera ráð fyrir.

september í m.kr.	Janúar -		
	Reikn	Áætlun	Frávik
Beinir skattar	12.448	12.977	<529>
Gjöld af innflutningi	8.054	7.058	996
Virðisaukaskattur	27.035	27.599	<564>
Aðrir óbeinir skattar	17.695	16.833	862
Vaxtatekjur	2.661	2.758	<97>
Arðgreiðslur	1.052	1.780	<728>
Aðrar tekjur	<u>502</u>	<u>198</u>	<u>304</u>
Alls	<u>69.447</u>	<u>69.203</u>	<u>244</u>

Innheimta beinna skatta var rúmlega 500 milljónum króna lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir sem skýrist einkum af minni innheimtu tekjuskatts. Gjöld af innflutningi urðu um 1,0 milljarði króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjuaukann má að jöfnu rekja til aukins bílainnflutnings og aukins almenns innflutnings. Þá hafa tekjur af virðisaukaskatti orðið um 560 milljónum króna lægri en áætlað var sem stafar m.a. af hærri endurgreiðslum en gert var ráð fyrir. Aðrir óbeinir skattar hækka um 860 milljónir króna. Þar kemur einkum til að innheimta tryggingagjalds varð rúmlega 500 milljónum króna meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og bifreiðagjöld og þungaskattur urðu tæplega 270 milljónum króna hærri. Arðgreiðslur urðu rúmlega 700 milljónum króna lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Annars vegar er skýringin sú að í fjárlögum 1991 var gert ráð fyrir að Íslenskir aðalverktakar hf. skiluðu 400 milljónum króna í ríkissjóð á árinu 1991 en félagið skilaði þeirri fjárhæð til ríkissjóðs á árinu 1990. Hins vegar eru skil Pósts- og símamálastofnunarinnar 360 milljónum króna lægri en áætlað var til loka septembermánaðar. Aukning annarra tekna ríkissjóðs skýrist af sölu eigna að fjárhæð 330 milljónir króna.

Innheimtar tekjur janúar - september 1991 í samanburði við sama tímabil 1990

Á árinu 1991 námu innheimtar tekjur A-hluta ríkissjóðs 69,4 milljónum króna sem er rúmlega 6,5 milljörðum króna hærri fjárhæð en innheimtan nam á sama tímabili í fyrra.

Reikn.'90 í m.kr.	Janúar - september			
	1991	1990	verðl.'91	Frávik
Beinir skattar	12.448	11.891	12.741	<293>
Gjöld af innflutningi	8.054	6.527	6.527	1.527
Virðisaukaskattur	27.035	25.351	26.981	54
Aðrir óbeinir skattar	17.695	14.949	15.945	1.750
Vaxtatekjur	2.661	3.002	3.216	<555>
Arðgreiðslur	1.052	1.009	1.074	<22>
Ymsar tekjur	<u>502</u>	<u>158</u>	<u>167</u>	<u>335</u>
Alls	<u>69.447</u>	<u>62.887</u>	<u>66.651</u>	<u>2.796</u>

Á föstu verðlagi hafa tekjur ríkissjóðs hækkað að raungildi um 2,8 milljarða króna. Helstu frávik eru að gjöld af innflutningi hafa hækkað um 1,5 milljarða króna, og skattar af launagreiðslum um 1,1 milljarð króna. Hins vegar hafa beinir skattar lækkað að raungildi um 300 milljónir króna og vaxtatekjur um 550 milljónir króna.

Gjöld í samanburði við greiðsluáætlanir fjárlaga til loka septembermánaðar 1991

Útgjöld stofnana í A-hluta fjárlaga fyrstu níu mánuði ársins 1991 námu 80,9 milljörðum króna og hafa farið 1,1 milljarð króna fram úr greiðsluáætlun fyrir sama tímabil. Fjárheimild ársins 1991 nemur 106,1 milljarði króna og hafa því um 76% heimildarinnar verið nýtt á fyrstu níu mánuðum ársins. Hlutfallsleg nýting fjárheimilda í septemberlok árið 1990 var svipuð.

**Útgjöld A-hluta ríkissjóðs í samanburði við áætlun.
Janúar til september árið 1991.**

Ráðuneyti í þúsundum króna	Greitt 1991	Áætlun 1991	Mismunur	Mismunur %
00 Æðsta stjórn ríkisins	786.443	776.634	9.809	1,3
01 Forsætisráðuneyti	305.499	312.429	-6.930	-2,2
02 Menntamálaráðuneyti	11.879.842	12.002.211	-122.369	-1,0
03 Utanríkisráðuneyti	1.226.886	1.124.749	102.137	9,1
04 Landbúnaðarráðuneyti	3.326.302	3.415.824	-89.522	-2,6
05 Sjávarútvegsráðuneyti	741.208	746.144	-4.936	-0,7
06 Dóms- og kirkjum.ráðuneyti	3.527.525	3.592.959	-65.434	-1,8
07 Félagsmálaráðuneyti	3.421.572	3.400.453	21.119	0,6
08 Heilbr.- og trygg.m.ráðun.	32.703.785	32.211.904	491.881	1,5
09 Fjármálaráðuneyti	11.855.810	10.606.760	1.249.050	11,8
10 Samgönguráðuneyti	5.871.012	6.346.931	-475.919	-7,5
11 Iðnaðarráðuneyti	853.197	814.344	38.853	4,8
12 Viðskiptaráðuneyti	3.981.157	4.063.129	-81.972	-2,0
13 Hagstofa Íslands	86.391	104.679	-18.288	-17,5
14 Umhverfissráðuneyti	351.266	344.727	6.539	1,9
	<u>80.917.895</u>	<u>79.863.877</u>	<u>1.054.018</u>	<u>1,3</u>

Eftirfarandi skýringar eru á helstu frávikum útgjalda frá greiðslu-áætlunum fjárlaga.

Greiðslur til menntamálaráðuneytis voru 122,4 milljónum króna lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir og má aðallega rekja það til þess að fjárheimild að fjárhæð 127,6 milljónir króna til grunnskóla og skóla fyrir proskahefta hefur enn ekki verið nýtt.

Greiðslur til utanríkisráðuneytis fóru 102,1 milljón króna fram úr áætlunum fyrstu níu mánuði ársins eða sem nemur 9,1%. Umframgreiðslur skýrast einkum af greiðslum til sendiráða en kostnaður þeirra fór 53,0 milljónir króna fram úr áætlunum. Framlög til þróunarmála og alþjóðlegrar

hjálpstarfsemi fóru 29,3 milljónir króna fram úr áætlunum og umframgreiðslur til alþjóðastofnana námu 28,0 milljónum króna.

Greiðslur til landbúnaðarráðuneytis voru 89,5 milljónum króna lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir og má aðallega rekja það til þess að fjárheimild að fjárhæð 109,9 milljónir króna til greiðslu uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir og til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins hafði ekki verið nýtt. Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 1991, sem nú liggur fyrir Alþingi, er farið fram á 890 milljónir króna til greiðslu uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, þar af 390 milljónir króna vegna útflutnings á dillkakjöti til Mexíkó. Því er ljóst að kostnaður vegna uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir fer verulega fram úr því sem áætlað var fyrir í fjárlögum ársins.

Greiðslur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis fóru 491,9 milljónir króna fram úr áætlunum eða sem nemur 1,5%. Frávikid skýrist einkum af 574,7 milljónum króna hærra framlagi en áætlað var fyrir til Tryggingastofnunar ríkisins. Þá hafa framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs farið 53,2 milljónir króna fram úr áætlunum og framlög til Ríkisspítala voru 42,9 milljónir króna hærri en ráð var fyrir gert. Á móti höfðu 105,8 milljónir króna af fjárheimild til heilsugæslustöðva ekki verið nýttar á fyrstu níu mánuðum ársins 1991.

Greiðslur til fjármálaráðuneytis voru 1.249,1 milljón króna hærri en áætlanir eða sem svarar til 11,8%. Umframgreiðslur voru aðallega vegna kaupa ríkissjóðs á fasteignum að fjárhæð 1.053,1 milljón króna en fasteignakaup námu 1.195,0 milljónum króna frá ársbyrjun til septemberloka 1991. Vaxtagreiðslur ríkissjóðs voru 270,6 milljónir króna hærri en áætlað var og greiðslur til uppbóta á lífeyri fóru 90,5 milljónir króna fram úr áætlunum. Á móti var fjárheimild til útgjalda samkvæmt heimildarákvæðum að fjárhæð 184,8 milljónir króna ekki nýtt.

Greiðslur til samgönguráðuneytis voru 475,9 milljónum króna lægri en fjárheimildir á fyrstu níu mánuðum ársins og skýrist það af því að fjárheimildir Vegagerðar ríkisins að fjárhæð 499,3 milljónir króna höfðu ekki verið nýttar í septemberlok 1991.

Af fjárheimild viðskiptaráðuneytis hafa 82,0 milljónir króna ekki verið nýttar sem af er árinu. Skýringin er einkum sú að heimildir til niðurgreiðslna á vöruverði að fjárhæð 81,1 milljón króna höfðu ekki verið notaðar.

Gjöld ríkissjóðs janúar - september 1991 í samanburði við sama tímabil 1990

Gjöld A-hluta ríkissjóðs námu 80,9 milljörðum króna fyrstu níu mánuði ársins 1991 og eru 9,9 milljörðum króna hærrí en þau voru á sama tímabili ársins 1990. Hækkun þessi nemur 13,9%. Að raungildi svarar hækkunin til 4,8 milljarða króna eða 6,3%

Hækkun gjaldaliða umfram almennar verðhækkanir nam 4,8 milljörðum króna og má einkum rekja hana til eftirfarandi útgjaldaflokka:

- ◆ Launagjalda, um 1,3 milljarða króna.
- ◆ Rekstrargjalda og -tilfærslna, um 1,4 milljarða króna.
- ◆ Almannatrygginga, um 400 milljónir króna.
- ◆ Fasteignakaupa ríkissjóðs, um 900 milljónir króna.
Önnur eignakaup ríkisins jukust um rúmar 100 milljónir króna.
- ◆ Vaxtagreiðslna af lánum ríkissjóðs, um 600 milljónir króna.

Í m.kr.	Útkoma 1990	Framreikn. 1990	Útkoma 1991	m.kr.	Frávik %	Raunfrávik m.kr.	%
Launagjöld	15.903	17.207	18.497	2.594	16,3	1.290	7,5
Rekstrargjöld	15.935	16.960	18.484	2.549	16,0	1.524	9,0
Rekstrartilfærslur	15.094	16.065	15.983	889	5,9	-82	-0,5
Almannatryggingar	17.082	18.376	18.797	1.715	10,0	421	2,3
Vaxtagjöld	6.605	7.077	7.691	1.086	16,4	614	8,7
Eignakaup	394	422	1.466	1.072	272,1	1.044	247,3
Samtals gjöld	<u>71.013</u>	<u>76.107</u>	<u>80.918</u>	<u>9.905</u>	<u>13,9</u>	<u>4.811</u>	<u>6,3</u>

Í fjárlögum fyrir árið 1991 var stefnt að því að halda ríkisútgjöldum óbreyttum að raunvirði á milli ára. Ljóst er að það markmið fjárlaga næst engan vegin miðað við niðurstöðuna að lokum fyrstu níu mánuða ársins.

**Gjöld A-hluta ríkissjóðs á greiðslugrunni.
Janúar til september árin 1990 og 1991.**

Ráðuneyti í þúsundum króna	Greitt 1991	Greitt 1990	Mismunur '91-'90	Mismunur %
00 Æðsta stjórn ríkisins	786.443	741.826	44.617	6,0
01 Forsætisráðuneyti	305.499	606.148	-300.649	-49,6
02 Menntamálaráðuneyti	11.879.842	10.480.944	1.398.898	13,3
03 Utanríkisráðuneyti	1.226.886	861.472	365.414	42,4
04 Landbúnaðarráðuneyti	3.326.302	2.630.609	695.693	26,4
05 Sjávarútvegsráðuneyti	741.208	657.296	83.912	12,8
06 Dóms- og kirkjum.ráðuneyti	3.527.525	3.189.311	338.214	10,6
07 Félagsmálaráðuneyti	3.421.572	2.696.276	725.296	26,9
08 Heilbr.- og trygg.m.ráðun.	32.703.785	29.201.792	3.501.993	12,0
09 Fjármálaráðuneyti	11.855.810	9.389.866	2.465.944	26,3
10 Samgönguráðuneyti	5.871.012	5.559.191	311.821	5,6
11 Lðnaðarráðuneyti	853.197	736.485	116.712	15,8
12 Viðskiptaráðuneyti	3.981.157	4.172.430	-191.273	-4,6
13 Hagstofa Íslands	86.391	70.423	15.968	22,7
14 Umhverfissráðuneyti	351.266	19.234	332.032	-
	<u>80.917.895</u>	<u>71.013.303</u>	<u>9.904.592</u>	<u>13,9</u>

Skýringar á helstu breytingum á útgjöldum einstakra ráðuneyta á tímabilin eru einkum þessar:

Gjöld forsætisráðuneytis lækkuðu um 300,6 milljónir króna eða um 49,6%. Framlag til Atvinnutryggingasjóðs útflutningsgreina nam 343,0 milljónum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 1990. Sjóðurinn var lagður niður í árslok 1990 og því ekki um framlag til hans að ræða í ár.

Gjöld Menntamálaráðuneytis hækkuðu um 1.398,9 milljónir króna eða um 13,3%. Frávikid skýrist af hækkun framlaga til Háskóla Íslands og ýmissa rannsóknastofnana að fjárhæð 245,9 milljónir króna, til framhaldsskóla að fjárhæð 283,3 milljónir króna og til grunnskóla og skóla fyrir þroskahefta að fjárhæð 331,3 milljónir króna. Framlög til uppgjörs við sveitarfélög hækkuðu um 95,0 milljónir króna og til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 79,6 milljónir króna. Þá nam framlag til endurbóta á Þjóðleikhúsi 140,0 milljónum króna en 119,0 milljónum króna á sama tímabili ársins 1990.

Gjöld utanríkisráðuneytis hækkuðu um 365,4 milljónir króna eða 42,4%. Gjöld aðalskrifstofu hækkuðu um 64,0 milljónir króna m.a. vegna

samninga EFTA og EB um evrópskt efnahagssvæði. Gjöld sendiráða hafa aukist um 98,8 milljónir króna. Þá hækkuðu framlög til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi um 73,6 milljónir króna, til alþjóðastofnana um 33,2 milljónir króna og framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands nam 72,0 milljónum króna.

Gjöld landbúnaðarráðuneytis hækkuðu um 695,7 milljónir króna eða um 26,4%. Hækkun gjalda skýrist einkum af 426,7 milljónum króna hærra framlagi til greiðslu uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir. Framlög til sauðfjárveikivarna hækkuðu um 82,2 milljónir króna, til endurgreiðslu gjalda í landbúnaði um 62,9 milljónir króna og framlög til jarðræktar- og búfjárræktarlaga hækkuðu um 32,1 milljón króna.

Gjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis hækkuðu um 338,2 milljónir króna eða um 10,6%. Hækkunin skýrist af auknum rekstrarkostnaði hjá stofnunum dómsmálaráðuneytis að fjárhæð 248,1 milljón króna og af auknum framlögum til prestakalla og prófastdæma um 47,0 milljónir króna. Þá námu útgjöld vegna kosninga sem færð eru hjá ráðuneytinu 34,8 milljónum króna.

Gjöld félagsmálaráðuneytis hækkuðu um 725,3 milljónir króna eða um 26,9%. Hækkunin skýrist einkum af auknum framlögum til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingasjóðs verkamanna um 228,8 milljónir króna. Framlög til málefna fatlaðra hækkuðu um 152,4 milljónir króna og til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 125,3 milljónir króna. Þá jukust framlög vegna ríkisábyrgðar á launum um 122,6 milljónir króna en greiðslur vegna ríkisábyrgðarinnar námu 279,5 milljónum króna í septemberlok 1991.

Gjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis hækkuðu um 3.502,0 milljónir króna eða um 12,0%. Framlög til viðfangsefna Tryggingastofnunar ríkisins hækkuðu um 1.734,7 milljónir króna. Framlög til reksturs sjúkrahúsanna þriggja í Reykjavík hækkuðu um 992,0 milljónir króna og framlög til annarra sjúkrahúsa um 209,0 milljónir króna. Þá hækkuðu framlög til reksturs heilsugæslustöðva um 362,6 milljónir króna.

Gjöld fjármálaráðuneytis hækkuðu um 2.465,9 milljónir króna eða 26,3%. Hækkun gjalda skýrist einkum af kaupum ríkissjóðs á fasteignum samkvæmt heimild í 6. grein fjárlaga en kostnaður við ýmsar fasteignir ríkissjóðs nam 1.195,0 milljónum króna í septemberlok 1991. Fasteignakaup ríkissjóðs eru um 940,3 milljónum króna hærri en þau voru á sama tímabili ársins 1990. Vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs hækkuðu um 1.085,6 milljónir króna á milli áranna og uppbætur á lífeyri hækkuðu um 166,9 milljónir króna.

Hækkun gjalda samgönguráðuneytis nam 311,8 milljónum króna eða 5,6%. Rekstur Veðurstofu Íslands og Landmælinga Íslands var fluttur undir stjórn umhverfisráðuneytis á árinu 1991 þannig að hækkun gjalda nam í raun 521,4 milljónum króna. Hækkun gjalda skýrist aðallega af auknu framlagi til Vegagerðar ríkisins að fjárhæð 442,9 milljónir króna.

Gjöld iðnaðarráðuneytis hækkðu um 116,7 milljónir króna eða um 15,8% og skýrist af framlagi til RARIK að fjárhæð 150 milljónir króna vegna óveðurstjóna í byrjun ársins.

Gjöld viðskiptaráðuneytis lækkuðu um 191,3 milljónir króna eða sem svarar til 4,6% og skýrast af lægri niðurgreiðslum á vöruverði að fjárhæð 221,6 milljónir króna.

Gjöld umhverfisráðuneytis námu 332,0 milljónum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 1991 en nú heyra undir ráðuneytið sex stofnanir, sem áður tilheyrðu menntamála-, landbúnaðar-, félagsmála- og samgönguráðuneyti.

Launakostnaður A-hluta ríkissjóðs janúar til júní 1990 og 1991

Ríkisendurskoðun athugaði sérstaklega þróun launakostnaðar hjá þeim A-hluta stofnunum, sem Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytis afgreiðir. Aflað var upplýsinga um fjölda greiddra mánaðarlauna, greiddrar dagvinnu og fjölda yfirvinnustunda og þær launaeiningar umreiknaðar í stöðugildi. Ríkisendurskoðun hefur frá árinu 1988 gert reglulega athugun á þróun launakostnaðar hjá framangreindum aðilum, sem unnin hefur verið úr gögnum frá Starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis.

Fyrstu sex mánuði ársins 1991 var heildarfjöldi stöðugilda að meðaltali 15.918 en var 15.241 að meðaltali á sama tímabili í fyrra. Fjölgunin nemur 677 stöðugildum eða 4,4%. Þegar tekið er tillit til stofnana, sem Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneyti afgreiddi á árinu 1990 en ekki í ár, svo og þeirra stofnana, sem ekki voru í afgreiðslu hjá Starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis í fyrra en eru afgreidd þar í ár, telst nettó breytingin hjá umræddum stofnunum vera hækkun um 95 stöðugildi. Þannig fjölgar stöðugildum hjá sambærilegum A-hluta stofnunum milli ára um 582 eða 3,8%.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu stöðugilda eftir uppruna janúar til júníloka árin 1990 og 1991

Stöðugildi	1991	1990	Breyt. stg.	Breyt. í %
Mánaðarlaun	12.649	12.262	387	3,1
Dagvinnulaun	486	464	22	4,7
Yfirvinnulaun	<u>2.783</u>	<u>2.515</u>	<u>268</u>	<u>10,7</u>
	15.918	15.241	677	4,4
Breytingar vegna tilfærslu stofnana	<u><95></u>	<u> </u>	<u> </u>	<u> </u>
	<u>15.823</u>	<u>15.241</u>	<u>582</u>	<u>3,8</u>

Fjárlög ársins 1991 gera ráð fyrir að fjölgun stöðugilda í A-hluta ríkissjóðs verði um 600 á árinu 1991. Af þessari fjölgun eru tæplega 500

stöðugildi vegna yfirtöku ríkissjóðs á rekstri í tengslum við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga einkum hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Að þessu slepptu var gert ráð fyrir að nýjum stöðum hjá A-hluta ríkissjóðs fjölgaði um 100 á árinu 1991.

Þegar bornar voru saman sambærilegar stofnanir, sbr. það sem áður segir um nettó breytingu á stöðugildum, kom í ljós að starfsfólki fjölgaði mest hjá stofnunum Menntamálaráðuneytisins eða sem nemur 293 stöðugildum. Þar af fjölgaði um 138 stöðugildi hjá grunnskólunum en sú fjölgun kemur aðallega til vegna skólaskyldu 6 ára barna og vegna nýrra reglna um sérkennslu. Hjá framhaldsskólum og skólum á háskólastigi fjölgaði um 91 stöðugildi. Þá má nefna 20 stöðugilda fjölgun hjá meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur.

Næst mest varð fjölgunin hjá stofnunum Heilbrigðisráðuneytisins og svaraði hún til 203 stöðugilda. Þar vegur þyngst nýr fjárlagaliður, Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, sem telur 123 stöðugildi. Ríkið tók við rekstri Heilsuverndarstöðvarinnar í ársbyrjun 1990 í kjölfar laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga nr. 87/1989. Heilsuverndarstöðin sér m.a. um heimahjúkrun, en sú starfsemi var áður kostuð af sjúkratryggingum. Sjúkraflutningar utan heilsugæslu falla undir Heilsuverndarstöðina svo og skólatannlækningar, sem voru að hluta til reknar af Reykjavíkurborg. Hjá ríkisspítölunum fjölgaði samtals um 49 stöðugildi.

Athugun Ríkisendurskoðunar sýnir að fjölgun stöðugilda hjá A-hluta ríkisins fyrstu sex mánuði ársins 1991 var innan heimilda fjárlaga. Hins vegar virðist yfirvinna hafa orðið hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Heildarlaunagreiðslur sem Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytis annaðist á tímabilinu janúar til júníloka 1991 námu 12.255 milljónum króna en á sama tímabili ársins 1990 námu þær 10.716 milljónum króna. Hækkunin nemur 1.539 milljónum króna eða 14,4%. Hækkunin svarar til 6,1% raunaukningar milli ára, miðað við meðalhækkun taxtalauna ríkisstarfsmanna. Raunaukningu launakostnaðar má skipta þannig að um helmingur hækkunarinnar er vegna fjölgunar starfsmanna, um 1% vegna samningsbundinna ákvæða og það sem eftir stendur vegna aukningar á yfirvinnu ofl.

Afkoma sjúkrastofnana á árinu 1990

Afkoma sjúkrastofnana á árinu 1990 sýnir samanlagðan rekstrarhalla að fjárhæð 345 milljónir króna eða um 2,0% af tekjum. Á árinu 1989 var rekstrarhallinn 476 milljónir króna miðað við sambærilegar stofnanir eða 3,1% af tekjum. Afkoma sjúkrastofnana hefur því batnað milli áranna 1989 og 1990 og reyndar hefur hún verið að batna allt frá árinu 1987.

Heildartekjur sjúkrastofnana árið 1990 námu 17.424 milljónum króna og hafa hækkað um 2.284 milljónir króna frá fyrra ári eða um 15,1%.

Heildargjöld stofnana á árinu 1990 námu 17.769 milljónum króna og hækkuðu frá árinu 1989 um 2.153 milljónir króna eða um 13,8%

Upplýsingar þessar eru byggðar á reikningsskilum 60 stofnana fyrir árið 1990. Reikningsskil 10 stofnana á daggjöldum höfðu annað hvort ekki borist á árinu 1989 eða um er að ræða stofnanir, sem komu inn í daggjaldakerfið á árinu 1990 og eru þær ekki meðtaldar í ofangreindum samanburði. Heildargjöld þessara tíu stofnana námu 74 milljónum króna á árinu 1990. Heildartekjur þeirra námu 67 milljónum króna og því nemur rekstrarhalli þeirra 7 milljónum króna. Af ofangreindum 60 stofnunum fá 28 framlög beint af fjárlögum en 32 fá framlög samkvæmt daggjaldakerfi. Heildargjöld stofnana, sem fá framlög samkvæmt daggjaldakerfi eru 16,8% af samanlögðum gjöldum allra sjúkrastofnana. Ein stofnun, sjúkrastöðin Vogur, fluttist af daggjöldum yfir á föst fjárlög á árinu 1990.

Breyting tekna og gjalda milli ára hjá öllum sjúkrastofnunum.

Fjárh. í m.kr.	1990	1989	Breyting	%
Tekjur	17.424	15.140	2.284	15,1
Gjöld	<u>17.769</u>	<u>15.616</u>	<u>2.153</u>	<u>13,8</u>
Halli	<u>345</u>	<u>476</u>	<u>-131</u>	<u>27,5</u>

Breyting tekna og gjalda hjá sjúkrastofnunum á daggjöldum.

Fjárh. í m.kr.	1990	1989	Breyting	%
Tekjur	2.765	2.308	457	19,8
Gjöld	<u>2.978</u>	<u>2.611</u>	<u>367</u>	<u>14,1</u>
Halli	<u>213</u>	<u>303</u>	<u>-90</u>	<u>29,7</u>

Breyting tekna og gjalda hjá sjúkrastofnunum á föstum fjárlögum.

Fjárh. í m.kr.	1990	1989	Breyting	%
Tekjur	14.659	12.832	1.827	14,2
Gjöld	<u>14.791</u>	<u>13.005</u>	<u>1.786</u>	<u>13,7</u>
Halli	<u>132</u>	<u>173</u>	<u>-41</u>	<u>-23,7</u>

Þróun útgjalda hjá sjúkrastofnum milli áranna 1989 og 1990 sýnir að gjöld þeirra stofnana, sem fengu framlög samkvæmt daggjaldakerfi hafa hækkað meira en hjá þeim stofnunum, sem fá framlög beint af fjárlögum og hefur svo verið allt frá árinu 1987. Hins vegar hafa tekjur stofnana á daggjöldum einnig hækkað meira en tekjur stofnana á föstum fjárlögum. Tekjuaukning milli áranna 1989 og 1990 er meiri en aukning gjalda bæði hvað varðar stofnanir á föstum fjárlögum og daggjaldastofnanir.

Á föstu verðlagi hafa heildargjöld allra stofnana hækkað um 127 milljónir króna milli áranna 1989 og 1990 eða um 0,7%. Gjöld daggjaldastofnana hækkuðu að raunvirði um 0,9% en gjöld þeirra stofnana sem fá föst framlög á fjárlögum hækkuðu um 0,7% milli áranna 1989 og 1990.

Gjöld fjögurra stærstu sjúkrahúsanna í landinu eru yfir 75% af heildargjöldum sjúkrastofnana á föstum fjárlögum. Þar er um að ræða Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Ríkisspítala, Borgarspítala og St.

Jósefsspítala að Landakoti. Gjöld þessara sjúkrahúsa hækkuðu samtals um 143 milljónir króna að raunvirði. Gjöld Ríkisspítala hækkuðu um 199 milljónir króna og gjöld Borgarspítalans um 52 milljónir króna að raunvirði. Gjöld Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og St. Jósefsspítala lækkuðu samtals um 109 milljónir króna að raunvirði milli áranna 1989 og 1990.

Breyting gjalda hjá sjúkrastofnunum milli ára á föstu verðlagi.

Fjárh. í m.kr.	1990	1989	Breyting	%
Stofn. á föstum fjárlögum	14.791	14.692	99	0,7
Daggjaldastofnanir	<u>2.978</u>	<u>2.950</u>	<u>28</u>	<u>0,9</u>
Samtals allar stofnanir	<u>17.769</u>	<u>17.642</u>	<u>127</u>	<u>0,7</u>

Samkvæmt reikningsskilum fyrir árið 1990 námu skammtímaskuldir umfram skammtímakröfur um 521 milljón króna í árslok 1990 og höfðu þær hækkað um 28 milljónir króna frá því í árslok 1989. Skammtímaskuldir þeirra sjúkrastofnana, sem eru á föstum fjárlögum, umfram skammtímakröfur námu 451 milljón króna í árslok 1990 og hækkuðu um 57 milljónir króna frá árslokum 1989. Skammtímaskuldir umfram skammtímakröfur hjá þeim stofnunum, sem fá framlög samkvæmt daggjaldakerfi námu 70 milljónum króna í árlok 1990 og lækkuðu um 29 milljónir króna frá fyrra ári. Greiðslustaða sjúkrastofnana hefur því versnað nokkuð milli áranna 1989 og 1990 en hún hafði batnað talsvert á milli áranna 1988 og 1989.